

551.501.1(491.1)

Veðurstofa Íslands

REGLUR  
UM VEDURSKEYTI  
(1929)

Bókasafn Veðurstofu Íslands



1000084804

REGLUR UM VEDURSKEYTI

notað 1938 - 1948

*Samræmi skráðar, þill notaður frá 4. 1931*

# REGLUR UM VEÐURSKEYTI.

(Samþykktar á allsherjarþingi veðurfræðinga í Kaupmannahöfn 1929)

Hveitt veðurskeyti er 2 til 6 talnaorð og venjulega 5 stafir í hverju. Skeytin verða nokkuð mismunandi eftir því, hvaða mælitæki stöðin hefir, og hvort hún er við sjó eða til sveita.

Venjulegir athugunartímar eru: kl. 06, 08, 12, 17 og 24. Hverri stöð verður tilkynnt sjerstaklega, á hvaða tímum skuli athuga, og eftir hvaða lykli skuli semja skeytið. Ef lyklnir eru táknaðir með bókstöfum, líta þeir þannig út:

I. Stöðvar sem hafa loftvog, hitamæla og úrkomumæli.

Kl. 06

IIIC<sub>L</sub>CM wwVhN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app RRSV<sub>S</sub>E

Kl. 08

1. IIIC<sub>L</sub>CM wwVhN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app
2. IIIC<sub>L</sub>CM wwVhN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app RRSV<sub>S</sub>E
3. IIIC<sub>L</sub>CM wwVhN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app RRT<sub>n</sub>T<sub>n</sub>E

Kl. 12

IIIC<sub>L</sub>CM wwV<sub>S</sub>hN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app

Kl. 17

1. IIIC<sub>L</sub>CM wwVhN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app RRSV<sub>S</sub>E
2. IIIC<sub>L</sub>CM wwVhN<sub>h</sub> DDFWN PPPTT UC<sub>H</sub>app RRT<sub>x</sub>T<sub>x</sub>E

II. Stöðvar sem hafa hitamæla og úrkomumæli.

- |        |    |  |
|--------|----|--|
| Kl. 08 | 1. | wwVhN <sub>h</sub> DDFWN C <sub>L</sub> CMCHTT RRSV <sub>S</sub> E               |
| " "    | 2. | wwVhN <sub>h</sub> DDFWN C <sub>L</sub> CMCHTT RRT <sub>n</sub> T <sub>n</sub> E |
| " 12   |    | wwVhN <sub>h</sub> DDFWN C <sub>L</sub> CMCHTT                                   |
| " 17   | 1. | wwVhN <sub>h</sub> DDFWN C <sub>L</sub> CMCHTT RRSV <sub>S</sub> E               |
| " "    | 2. | wwVhN <sub>h</sub> DDFWN C <sub>L</sub> CMCHTT RRT <sub>x</sub> T <sub>x</sub> E |

III. Stöðvar sem engin áhöld hafa (flugstöðvar).

wwV<sub>S</sub>hN DDFWNS

Bókstafirnir tákna, hver um sig, ýmsar upplýsingar um veðrið. Í skeytið eru settar tölur í stað bókstafanna, eftir reglum, sem hjer fara á eftir.

Yfirlit um merkingu bókstafanna:

III táknar númer á stöðinni með 3 tölum (t.d. 170=Reykjavík).

- C<sub>L</sub> " hvaða tegundir lágskýja sjást á lofti (hæð 0-2000 m)
- C<sub>M</sub> " " " miðskýja " " " (hæð 2000-6000 m)
- ww " veðrið í þann mund, sem athugun er gerð.
- V " skyggnið (í áttina til lands, ef stöðin er við sjó)
- h " hæð frá athugunarstað upp að lágskýjum (eða miðskýjum)
- M<sub>h</sub> " hve mikill hluti himins er hulin lágskýjum (eða miðskýjum)
- DD " vindáttina.
- F " veðurhæðina.
- W " veðurlagið síðan næsta skeyti á undan var sent.
- N " skýjahuluna alls (af lágskýjum, miðskýjum og háskýjum)
- PPP " loftþrýstingu við hafflöt og 0 stigs hita.
- TT " lofthitann í heilum stigum.
- U " rakastig loftsins.
- C<sub>H</sub> " hvaða tegundir háskýja (yfir 6000 m) sjást á lofti.
- a " hvernig siritandi loftvog hefir breyzt síðustu þrjár stundir fyrir athugun.
- pp " hve mikið siritandi loftvog hefir stigið eða fallið síðustu þrjár stundir, tilgreint í fimmtungum (1/5 hlutum) úr millibar (eða millimetra).
- RR " úrkomumagnið, sem mælt hefir verið.
- T<sub>x</sub>T<sub>x</sub> " hámarkshita dagsins.
- T<sub>n</sub>T<sub>n</sub> " lágmarkshita næturinnar.
- S " sjávaröldu og sjólag.
- V<sub>S</sub> " skyggni til hafsins.
- E " jarð-og snjólag.
- F<sub>x</sub> " mestu veðurhæð síðan næsta skeyti á undan var sent.

Veðurbókunum er skift í dálka, sem eru merktir bókstöfunum í rjettri röð við skeytin. Hverju skeyti er ætluð ein lína og er því auðvelt að sjá, hvað tölurnar í hverjum dálki eiga að merkja. Skeytin má svo lesa beint úr bókinni í símann.

Hver skeytabók sendist Veðurstofunni þegar eftir mánaðar lokin.

Nánari skýring á tölugildi bókstafanna,

I. orð.

Í staðinn fyrir III eru settar tölur, sem tákna fast númer stöðvarinnar. Hver stöð fær tilkynningu um hvaða númer hún skuli nota.

C<sub>L</sub> Útlit og tegundir lágskýja (sjá skýjamyndirnar).

Engin lágský sýnileg .....	0	
Bólstrar.	Góðviðrisbólstrar, hnoðrar (skýjamynd L 1) ..	1
	Stórir bólstrar (klakkar), en ekki með kemdum kollum eða steðjalögun (L 2) .....	2
Skúraflókar, þrumuský (Skýjamynd L 3) .....	3	
Flákaský.	Flákaský, mynduð af bólstrum, sem fletjast út og renna saman á neðra borði (Mynd 4a) eða í kollinn (Mynd 4b) .....	4
	Þykkni af flákaskýjum (Mynd 5a), þokuskýjum (5b) eða hvoru tveggja (5c) .....	5
Lágar og úfnar skýjabreiður, sem jafnan er samfara rigning eða snjókomu (Mynd L 6) .....	6	
Tvær eða fleiri lágar skýjategundir.	Góðviðrisbólstrar og fláka-eða þokuský jafnhliða (Mynd L 7) .....	7
	Stórir bólstrar (klakkar) eða skúraflókar og fláka-eða þokuský (Mynd L 8) .....	8
	Stórir bólstrar eða skúraflókar ásamt lágum og úfnum skýjabreiðum (Mynd L 9a) .....	9
Ekki hægt að sjá hvort nokkur lágský eru (vegna myrkurs eða þoku).....	X	

Ef þoka er á staðnum, en sést til lágskýja í gegnum hana, skulu þau tilgreind eins og þegar þokulaust er.

C<sub>M</sub> Útlit og tegundir miðskýja (sjá skýjamyndirnar).

Engin miðský á lofti (hvorki blikubykkni eða netjubykkni)	0
Bliku- bykkni.	<u>Punnt</u> og ljósleitt blikubykkni (gráblíka), mótar fyrir sól eða mána í gegnum ( Mynd M 1) 1
	<u>Þykkt</u> og gráblátt blikubykkni eða regnbykkni, sem alveg byrgir sól eða mána (Mynd M 2) .... 2
Netju- bykkni  (Maríu- tása).	Netjuský eða há og ljósleit flákaský), skýjabreiðan virðist öll í sömu hæð (Mynd M 3) 3
	Netjubykkni í smábreiðum eða böndum, sem breyta sífellt útliti eða virðast vera hvert yfir öðru (stundum vindskafin með jöfnu yfirborði og ljósum eða sólgyltum jöðrum) (Myndir M 4a, b, c) ..... 4
	Netjubykkni eða blikuhnoðrar í aðgreindum en þykkum böndum, sem slær upp á loftið hvert af öðru (Myndir M 5a og M 5b) ..... 5
	Netjubykkni, sem myndast af bólstrum (eða klökkum), sem fletjast út og hjaðna (Mynd M 6) 6
	Netjubykkni og blikubykkni, eða netjubykkni sem líkist regnbykkni á köflum (Mynd M 7) ... 7
	"Netjubólstrar". Netjubykkni með toppum upp úr, sem líkjast smáum bólstrum. Veit oft á brumuveður ( Mynd M 8) ..... 8
Blikuhroði. Fleiri lög af netjuskýjum, hvert yfir öðru, ásamt blikuböndum og skúrabólstrum (Mynd M 9) ..... 9	
Ef ekki er hægt að gera sér grein fyrir, hvort nokkur miðský eru, vegna myrkurs eða þoku ..... X	

Ef miðský sjást yfir þoku, skulu þau tilgreind eins og þegar þokulaust er.

Nánari lýsing á öllum þessum skýjategundum fylgir með skýjamyndunum.

ww Veðrið um það leyti, sem athugun er gerð og að nokkru leyti á síðustu klst. á undan. (Hins vegar er ekki tekið tillit til, hvernig veðrið var fyrir meira en klst. síðan. Undantekning er þó með tölurnar 15 og 16, sem taka til þriggja síðustu klst.).

Veðrið er jafnan táknað með einhverri af tölunum 00 - 99. Er þeim skift í 10 flokka eða tugi, sem jafnan byrja með sama staf. Hver tugatala táknar aðaleinkenni veðursins, en einingatalan ákveður það nánar.

Í eftirfarandi skrá er lýst höfuðeinkennum þess veðurs, sem hver talnatugur táknar. Má af henni finna, í hvaða flokki eigi að leita til þess að finna þá veðurlýsingu, sem best á við í það skiftið.

#### VEDRÁTTUFLOKKARNIR OG HELSTU EINKENNI PEIRRA.

##### 1.-5. flokkur (00-49).

Engin úrkoma á staðnum þegar athugað er.

I. og II. flokkur (00-19). Þurrviðri og oftast góðviðri. Hvorki úrkoma, þoka né skafhrið á staðnum síðustu klukkustund, né þegar athugað er.

III. flokkur (20-29). Úrkoma á síðustu klst. á staðnum, en ekki úrkoma, þoka, skafhrið eða moldrok, þegar athugað er.

IV. flokkur (30-39). Skafhrið eða moldrok (sandrok) á staðnum, þegar athugað er. (Skyggni minna en 1000 m).

V. flokkur (40-49). Þoka á staðnum þegar athugað er eða á síðustu klst. (Skyggni minna en 1000 m). Þessar tölur má aðeins nota, þegar þokan er svo <sup>dimm</sup> að ekki sést yfir 1000 m.

##### 6.-10. flokkur (50-99).

Úrkoma á staðnum þegar athugað er.

VI. flokkur (50-59). Úði (súld), örsmáir dropar.

VII. flokkur (60-69). Rigning (ekki skúrir eða hryðjur).

VIII. flokkur (70-79). Snjókoma eða slydda (blautur snjór).

IX. flokkur (80-89). Skúrir, hryðjur, él (snjó-, slyddu-, hagl-).

X. flokkur (90-99). Þrumuveður á staðnum þegar athugað er, eða á síðustu klst.

I. og II. flokkur.

- 00-19 Ýms einkenni á lofti og veðurlagi (þegar ekki er úrkoma á staðnum né hefir verið síðustu klst.).
- 00 Heiðríkt (ekki nokkurt ský á lofti.).
- 01 Léttskýjað.
- 02 Skýjað.
- 03 Alskýjað (þykkt loft).
- 04 Sjópoka eða dalalæða (en þokulaust á staðnum).
- 05 Mistur (móða), en skyggni meira en 2000 metrar.
- 06 Sandstrókar eða hvirfilvindar með ryki sýnilegir.
- 07 Rosaljós eða leiftur í fjarska.
- 08 Þokumistur (skyggni milli 1000 og 2000 metra).
- 09 Þoka eða þokubakki í grendinni, en þokulaust á athugunarstaðnum.
- 10 Úrkoma sést í grendinni, minna en 15 km í burtu (skúra-leiðingar, hríðardrög, áleiðingar)
- 11 Skruggur (þrumur) í fjarska, en engin úrkoma á staðnum.
- 12 Moldrok (sandfok) í grendinni, en ekki á athugunarstaðnum.
- 13 Ljótt veðurútlit, kólgulegt og uppgengið.
- 14 Rosaveður, loftið svipað og í skúraveðri, en engin úrkoma á síðustu klst.
- 15 Hryðjur og éljagangur síðustu þrjár stundirnar.
- 16 Vatnsstrókar ("kisur") hafa sést síðustu þrjár stundirnar.
- 17 --
- 18 --
- 19 --

III. flokkur.

- 20-29 Þegar úrkoma hefir verið á síðustu klst, en stytt er upp á athugunartíma.
- 20 Úrkoma (regn, úði, hagl, snjór eða slydda)
- 21 Úði, súld.
- 22 Rigning.
- 23 Snjór.
- 24 Slydda, bleytuhríð.
- 25 Regnskúrir.
- 26 Snjóél.
- 27 Hagléi eða regn- og haglskúrir.
- 28 Þrumuveður.
- 29 Mikið þrumuveður.
- Jöfn úrkoma, en ekki í skúrum eða éljum.
- skúrir eða él.
- Á síðustu klukkustund, en ekki nú.

IV. flokkur.

- 30-39 Moldrok (sandfok) eða skafhrið svo ekki sést fulla 1000 m.
- 30 Mold-eða sandrok.
- 31 " " " en hefir minnkað síðustu klst.
- 32 " " " óbreytt að mestu " "
- 33 " " " hefir farið vaxandi " "
- 34 Sandmökkur, sem veltur áfram.
- 35 Skafhrið.
- 36 Dálftill skafrenningur, en aðeins með jörðu.
- 37 Mikill " " " " "
- 38 Dálftill skafhrið og nær hátt frá jörðu.
- 39 Mikil " (skafbál, kóf), nær hátt frá jörðu.

Ef nokkur ofanhrið er með skafhriðinni, eða sé ekki hægt að ákveða það með vissu, skal nota tölu úr VIII. flokki (70-79).

V. flokkur.

- 40-49 Poka eða dimmt rykmistur (mold, aska, sandur). Sést ekki fulla 1000 metra. Engin teljandi úrkoma, hvorki súld eða úði.
- 40 Poka (eða öskumyrkvi).
- 41 Fremur gisin poka síðustu klst., en nýhætt.
- 42 Svarta poka síðustu klst., en nýhætt.
- 43 Poka, en sér til himins. } Hefir orðið gisnari  
síðustu klst.
- 44 Poka og sér ekki til himins. }
- 45 Poka, en sér til himins. } Óbreytt síðustu klst.
- 46 Poka og sér ekki til himins. }
- 47 Poka, en sér til himins. } Hefir byrjað eða orðið  
dimmri á síðustu klst.
- 48 Poka og sér ekki til himins. }
- 49 Pokuruðningur öðru hvoru á staðnum.

Ath. Ef úði fylgir þokunni er talan 57 notuð, en 67 eða 77 ef herni er samfara regn eða snjór. Sérstök athygli skal vakin á þeirri reglu, sem almennt hefir verið upp tekin, að telja eigi þoku ef sést greinilega 1000 m. (sjá leiðbeiningu um skyggni (V.)). Ef skyggnið er 1-2 km eða þar yfir, má nota tölurnar 08 eða 05 fyrir veðurlýsingu, þegar ekki er úrkoma.

VI. flokkur.

- 50-59 Úði eða súld (örsmáir regndropar).  
 50 Úði.  
 51 Dálítill úði með uppstyttum.  
 52 " " en óslitinn.  
 53 Talsverður úði en með uppstyttum.  
 54 " " og óslitinn.  
 55 Þéttur úði en með uppstyttum.  
 56 " " og óslitinn.  
 57 Þokusúld (þoka og úði).  
 58 Nokkur úði og rigning (örsmáir og stórir regndropar samtímis).  
 59 Þéttur úði og rigning ( " " " " " ).

Í úðanum eru droparnir smáir, og oft svo, að varla er hægt að greina þá. Ef úðinn vætir mikið, er hann talinn þéttur. Súld hefir því nær sömu merkingu og úði, en venjulega fylgir henni þoka - og á Norðurlandi oft kalsáveður. Varast ber að kalla litla gisdropa rigningu úða.

VII. flokkur.

- 60-69 Regn.  
 60 Regn.  
 61 Dálítið regn, en með uppstyttum.  
 62 " " og óslítið.  
 63 Nokkurt regn, en með uppstyttum.  
 64 " " og óslítið.  
 65 Mikið regn, en með uppstyttum.  
 66 " " og óslítið.  
 67 Regn og þoka.  
 68 Dálítið regn og snjócoma.  
 69 Mikið " " "

Tölurnar 68 og 69 skal nota, þegar snjór og regn fellur tímis, eða snjór annað veifið en regndropar hitt. Ef úði e fara rigningunni, skal nota aðra hvora töluna 58 eða 59.

VIII. flokkur.70-79 Snjókoma.

- 70 Snjór eða slydda (bleytuhríð, bleytukafald).  
 71 Dálítill snjókoma (kafald), en með uppstyttum.  
 72 " " " " og óslitin.  
 73 Nokkur snjókoma með uppstyttum.  
 74 " " " óslitin.  
 75 Mikil snjókoma (skæðadrífa) með uppstyttum.  
 76 " " " óslitin.  
 77 Snjókoma og þoka.  
 78 Kornsnjór (frosinn úði).  
 79 Ísnálar.

Þótt snjóflyksurnar séu hálfþiðnaðar (slydda), er vaðrið táknað með tölunum 70-77.

Kornsnjór er lítil snjó Korn, hvít og ógagnsæ, í mesta lagi 1 mm í þvermál. Kornsnjór kemur úr þokuskýjum en aldrei úr skúraskýjum, og fellur því aldrei í éljum.

Ísnálar kallast sveimur af smáum glitrandi ísögnum, sem einkum sjást í björtu veðri og nær eingöngu til háfjalla eða í heimskaotalöndunum.

IX. flokkur.80-89 Skúra-eða éljaveður.

- 80 Skúrir eða él.  
 81 Dálitlar regnskúrir (lítil úrkoma í hverri skúr).  
 82 Miklar regnskúrir (mikil " " " " ).  
 83 Dálítill snjóél.  
 84 Mikil snjóél.  
 85 Dálítill slydduél.  
 86 Mikil slydduél.  
 87 Snjóhaglél.  
 88 Dálítill hagléll eða regn-og haglhryðjur.  
 89 Mikil " " " " " "

Athugasemd á næstu síðu.

Ath.

Tölurnar 80-39 eru aðeins notaðar, þegar úrkoman kemur í skúrum eða éljum og stendur einmitt yfir á athugunartíma. Ef skúrin eða élið er nýlega um garð gengið, má nota eina töluna 20-27. Í skúra- eða éljaveðri er loftið oftast rosalegt, með stórum bólstrum og skúraflókum, sem öðru hverju kasta úr skúrum eða éljum en greiðast sundur þess á milli (skúraskin). Á Suður- og Vesturlandi er algengt að kalla slíkt veðurlag "Útsynning", af því að það fylgir oftast útsunnan átt (suðvestan átt). Ef snarpar vindhviður (vindbyljir) fylgja úrkomunni, er hún oftast kend við hryðjur (regn- og haglhryðjur, einnig hriðarbylur og haglbylur). Snjócoma og hvassviðri kallast hrið norðanlands en bylur á Suðurlandi.

Skúra- og éljaveður verður oft, þegar votviðri eða hriðar- garður er að ganga niður. En skúrir eða dembur geta einnig myndast í góðviðri, einkum í innsveitum (hitaskúrir, fjalladembur). Geta þær komið í lygna veðri og án þess að vindhviður fylgi, en staðið allengi yfir.

Snjóhagl líkist nokkuð hagli að því leyti, að kornin eru hnöttótt eða keilumynduð, en þau eru stíð snjóhvít, þurr og mjúk eða háflaus í sjer, svo þau hoppa stundum upp eða sundrast, þegar þau mæta hörðu í fallinu. Stærðin er mismunandi, stundum smærri en sagógrjón, stundum á við matbaunir.

Snjóhagl er bæði þéttara í sér og harðara en venjulegt kafald. Hins vegar mýkra en hagl og ekki með íshúð á ytra borði.

Snjóhagl kemur varla nema hiti sé um eða undir 0°, en hagl getur komið í sumarhita. Snjóhagl er algengt í kaldri útsynnings- veðráttu á Suðvesturlandi. Slík el eru táknuð með tölunni 87. Eru þau nefnd Snjóhaglél, og eru menn beðnir að gera greinarmun á þeim og hagléljum.

Hagl. Kornin nærri hnöttótt eða kúlumynduð, oft með þunna háflglæra ísskorpu á ytra borði en snjókjarna (snjóhagl) innaní. Haglið fellur oftast í hryðjum og getur komið, þótt hiti sé mikið yfir frostmark. Oft rignir samtímis eða haglkornin eru að bráðna og verða því vot og krapakend, þegar þau falla til jarðar. Hagl er algengt í útsynningi, einkum haust og vor. Sömuleiðis í þrumuveðri.

Íshagl. Þegar haglkornin eru mjög stór, svo þau valda skemmdum á jarðargröðri, brjóta rúður o. s. frv., eru þau nefnd íshagl til aðgreiningar frá venjulegu hagli. Slíku hagli fylgir ávallt mikið þrumuveður. Stundum eru ísmolarnir glærir, stundum myndaðir af snjó- og íslögum á víxl. Mjög sjaldgæft hér á landi.

X. flokkur.90-99 Þrumuveður (skruggur og eldingar).

90 Þrumuveður.

91 Rigning nú sem stendur.

92 Snjór eða slydda nú sem stendur.

93 Dálítið þrumuveður með regni (eða snjó),  
en hvorki hagli eða íshagli.

94 Dálítið þrumuveður með hagli.

95 Talsvert þrumuveður með regni (eða snjó),  
en ekki hagli.

96 Talsvert þrumuveður með hagli.

97 Mikið þrumuveður með regni (eða snjó),  
en ekki hagli.

98 Þrumuveður samfara sandroki eða öskufalli.

99 Mikið þrumuveður með íshagli (stórum hagl-  
klumpum).} Þrumuveður síðustu klst.  
en nú um garð gengið.} Þegar  
athugun  
er gerð.

Þegar eldingar sjást eða þrumur heyrast áþess að úrkoma fylgi, á að nota tölurnar 07 og 11.

Athugasemdir.

1. Úrkoman (úði, regn, snjór) er talið með uppstyttum, ef einhverntíma hefir stytt upp á síðustu klst. Annars telst hún óslitin.

2. Ef fleiri en ein af undanfarandi veðurlýsingum getur átt við veðrið, þegar athugað er, skal jafnan velja bá, sem hefir með sér hærri tölu.

3. Tölurnar 20-29 má aldrei nota, ef nokkur úrkoma er, þegar athugun er gerð.

4. Ef náttmyrkur hindrar, að hægt sé að ákveða veðrið nákvæmlega, má nota tugatölurnar (20,30 o.s.frv.). En þó mun oftast unt að komast hjá því, með því að fylgjast með veðurlaginu, áður en dimmdi. Eins er hægt að fara nærri um skýjahuluna eftir því hvort tungl og stjörnur sjást eða ekki.

V er skyggnið á sjó eða láglandi (ekki tekið til greina þótt þykkt sé í lofti og ský á fjöllum).

0 Þýðir: hlutir sjást ekki greinilega í 50 m fjarlægð.

1	"	"	"	vel	í	50 m	fjarlægð	en	ekki	í	200 m	fjarlægð.
2	"	"	"	"	"	200 "	"	"	"	"	500 "	"
3	"	"	"	"	"	500 "	"	"	"	"	1000 "	"
4	"	"	"	"	"	1 km	"	"	"	"	2 km	"
5	"	"	"	"	"	2 "	"	"	"	"	4 "	"
6	"	"	"	"	"	4 "	"	"	"	"	10 "	"
7	"	"	"	"	"	10 "	"	"	"	"	20 "	"
8	"	"	"	"	"	20 "	"	"	"	"	50 "	"
9	"	"	"	"	"	50 "	"				eða	meira.

Skyggnið miðast við vegalengdina til þeirra hluta eða staða, sem sjást lengst burtu við fullt dagsljós og með berum augum.

Til þess að gera athuganir þessar auðveldari, er gott að hafa töflu yfir fjarlægðir nokkurra hluta og staða, nær og fjær stöðinni, og nota þá síðan sem skyggnismerki.

Skyggnið er nú ákveðið þannig, að ef t. d. merki í 1000 m fjarlægð sjest vel, en merki í 2000 m fjarlægð sjesti ekki eða óljóst, þá er skyggnistalan 4. Sjáist 2000 m merki vel, en ekki 4000 m merkið, verður hún 5 o.s.frv. Ef mislangt sjest til ýmsra hliða, er venja að miða við besta skyggnið, nema sjerstaklega sje tekið fram, að það skuli miðast í ákveðna átt (t.d. til hafsins).

Með líftilli æfingu verða athuganir þessar mjög auðveldar, jafnvel þótt engin ákveðin skyggnismerki séu fyrir hendi.

h Þýðir hæð frá athugunarstað upp að lágskýjum ( $C_L$ ) eða miðskýjum ( $C_M$ ).

0 = 0 - 50 m.	5 = 600 - 1000 m.
1 = 50 - 100 "	6 = 1000 - 1500 "
2 = 100 - 200 "	7 = 1500 - 2000 "
3 = 200 - 300 "	8 = 2000 - 2500 "
4 = 300 - 600 "	9 = engin lágský (né miðský neðar en 2500 m.).

Ef engin lágský eru á lofti, er hæðin miðuð við miðský, ef nokkur eru. Er hæðin talin til neðsta borðs þess skýjabykknis, sem miðað er við. Þó er ekki tekið tillit til smá skýjahnoðra, sem kunna að liggja lægra, nema þegar engin önnur lágský eru á lofti eða miðský neðar en 2500 m.

Hæð og tegund skýja er aðeins miðuð við þau ský, sem liggja með neðra borð herra en athugunarstaðurinn. Hæðina verður að giska á, eftir því hve skýin ná langt niður í fjöll. Er nauðsynlegt að vita hæð á sem flestum tindum og hjöllum í grendinni. Ef skýin ná hvergi niður á fjöll, er erfiðara að giska á skýjahæðina, en þá er líka minna áriðandi, að það sé nákvæmt.

Nh Þýðir hve mikið af himni er byrgt lágskýjum ( $C_L$ ) eða miðskýjum ( $C_M$ ).

0	Engin ský á lofti fyrir neðan 2500 m hæð.	
1	Aðeins vottur að skýjadrögum.	
2	Þýðir: einn tíundi hluti himins byrgður lágskýjum	eða miðskýjum
3	" 2-3 tíundu hlutar	" byrgðir "
4	" 4-6 " "	" " "
5	" 7-8 " "	" " "
6	" 9 " "	" " "
7	" Þvínær alskýjað, en vottar fyrir heiðum blettum.	
8	" alskýjað, hvergi sjest í heiðan himin.	
9	" sést ekki til lofta vegna þoku, moldroks, ösku eða af öðrum orsökum.	

Skýjahuluna á einmitt að miða við þau ský ein, sem skýjahæðin (h) er talin til. Þegar sést til lofta í gegnum þoku, er reynt að athuga skýin út af fyrir sig eins og engin þoka væri, og telst hún ekki með í skýjahulunni ( $N_h$  eða N). En ef ekki sér til lofta, er skýjahulan ( $N_h$  og N) táknuð með 9. Þá er og hæðin (h) talin 0.

DD. Vindáttin.

Áttin, sem vindurinn stendur af, er talin eftir réttum áttum (ekki áttavita). Rétt norður er stefnan á Norðurstjörnuna (Pólstjörnuna), og rétt suður er stefnan á sólina, þegar hún er í hásuðri. Í almanakinu sést, hvenær sólin er í hásuðri frá Reykjavík eftir rétttri klukku (símaklukku, útvarpsklukku). Þar er og leiðarvísir til að finna hásuður annarstaðar á landinu. Ef snúra með lóði er hengd upp í suðurglugga, fellur skugginn af snúrunni í norður-suður stefnuna á því augnabliki, sem sólin er í hásuðri. Einnig má finna áttirnar af góðum landabréfum.

Áttirnar eru taldar eftir 32 strikum, og eru þau táknuð í veðurskeytum með tölunum 00-32, þegar veðurhæðin er nokkurnveginn jöfn. Ef vindurinn er mjög byljóttur, er tölunni 33 bætt við. Hinsvegar er tölunni 67 bætt við, ef ein einstök hryðja, skammvinn en skörp, hefir gengið yfir athugunarstaðinn á síðustu klst. Um leið snýst vindurinn venjulega frá suðaustri eða suðri í suðvestur eða jafnvel norðvestur, hitinn lækkar og loftvogin stígur snögglega.

Vindátt.	Vindurinn nokkurnveginn jafn.	Vindurinn mjög byljóttur á síðustu klst.	Snögg hryðja á síðustu klst.
Logn	00	33	67
NNA norðnorðaustan.	02	35	69
NA norðaustan (landnorðan).	04	37	71
ANA austnorðaustan.	06	39	73
A austan.	08	41	75
ASA austsuðaustan.	10	43	77
SA suðaustan (landsunnan).	12	45	79
SSA suðsuðaustan.	14	47	81
S sunnan.	16	49	83
SSV suðsuðvestan.	18	51	85
SV suðvestan (útsunnan).	20	53	87
VSV vestrúðvestan.	22	55	89
V vestan.	24	57	91
VNV vestnorðvestan.	26	59	93
NV norðvestan (útnorðan).	28	61	95
NNV norðnorðvestan.	30	63	97
N norðan.	32	65	99

Vindáttina má taka eftir vindbáru á breiðum fjörðum eða rúmsjó, en á þröngum fjörðum er varasamt að taka mark á bárunni. Flögg og veifur á háum stöngum eru góðir vindhanar, einnig reykur í hægum vindi. En algengast er, að athugunarmaður standi á bersvæði og setji andlitið beint í vindinn, sumir bleyta einn fingur og halda honum beint upp í loftið, til þess að finna hvaðan vindur blæs, einkum ef hann er mjög hægur.

## F. Vindhæðin.

Veðurhæðin er tilgreind í 13 stigum með tölunum 0 - 12. Táknað 0 logn en 12 fárviðri. Eftirfarandi tafla lýsir áhrifum vindarins við hvert stig bæði á sjó og landi.

- 0 Logn (0 - 0.5 m) Spegilsléttur sjór. Reyk leggur beint upp. "Varla blaktir hár á höfði".
- 1 Andvari (0.6 - 1.7 m). Aðeins gráð á vatni. Reyk leggur með vindinum.
- 2 Kul (1.8 - 3.3 m) Smábáru myndast, en hvítna hvergi. Fyllir segl á smábátum. Þurkflæsa á hey.
- 3 Gola (3.4 - 5.2 m). Hvítnar í stöku bárutoppi. Dágott leiði. Breiðir úr léttum flöggum. Litlar trjágreinar nötra.
- 4 Kaldi (5.3 - 7.4 m). Hvítnar víða í báru og heyrast dálítið gjálfur, þegar báran fellur. Gott leiði. Moldryk á þurrum vegum. Erfitt að raka þurru heyi á móti.
- 5 Stinnings gola (7.5 - 9.8 m). Hvítnar í hverri báru og freyðir á toppum. Heyrast sífelldur niður af hrynjandi bárum. Batar fara að rífa. Heyrast á húsum. Fullhvasst til að fara með þurrt hey. Góður þurkur á vott hey.
- 6 Stinnings kaldi (9.9 - 12.4 m). Allstórar öldur myndast með freyðandi földum. Þungur ölduniður. Smábatar geta ekki verið að veiðum. Slæmt fiskiveður fyrir togara. Freytandi að ganga móti vindi. Erfitt að fara með þurrt hey.
- 7 Snarpur vindur (12.5 - 15.2 m). Stórar öldur með breiðum sköflum. Brimhljóð heyrast langar leiðir. Varla "togandi". Hættulegt opnum bátum. Erfitt að ganga móti vindi. Heysæti fjúka.
- 8 Hvass vindur (15.3 - 18.2 m) eða hvassviðri. Stórir brimskafklar á rúmsjó og löðurgárar undan vindi. Sogandi sjávarhljóð. Menn "baksa" móti vindinum. Trjágreinar brotna. Togarar hætta veiðum. Hættulegt flöstum bátum.
- 9 Stormur (18.3 - 21.5 m). Holskeflur fara að myndast. Hvítir rok-gárar á sjónum. Rýfur oft torfbök af húsum. Erfitt að standa kyrr á bersvæði. Þakhellur fjúka oft.
- 10 Rok (21.6 - 25.1 m). Stórar holskeflur, sjór í hvíta roki. Drynjandi öldugnýr. Varla hægt að ráða sér á bersvæði. Rýfur oft gróin torfbök.
- 11 Ofsaveður (25.2 - 29.0 m). Stórsjór. Sjór rýkur sem mjöll. Eimskip komast varla móti veðri. Oft skemmdir á húsum og mannvirkjum.
- 12 Fárviðri (yfir 29 m, allt upp að 60 m á sek.). Á sjó sést lítið vegna saroaks. Óstætt veður. Stórskaðar bæði á sjó og landi.

Úr því vindhraðinn er orðinn 30 m, fer að verða mjög erfitt að gera sér grein fyrir veðurhæðinni, nema með vindmæli. Þess vegna eru stigmekki höfð fleiri en 12. En í aftakaveðrum bæði hér á landi og annarstaðar mælist vindhraðinn oft um 40 m og jafnvel 60 m í fellihyljum í hitabeltinu.

Það, sem sagt er um sjávaröldu, gildir einkum á rúmsjó. Nálægt landi verður að taka ýmsa staðhætti með í reikninginn. Þegar mikil er undiralda, þarf minni vind til að ýfa sjóinn, og eins ef vindur stendur móti straumi (sjávarföllum). Þegar landátt er, brimar og að vonum minna heldur en í hafátt.

Tölur þær, sem standa í svigum við hvert vindstig, eru hraðinn í metrum á sek. á vindmæli, sem er 6 m hátt yfir versvæði.

Ef veðurhæðin er 10, 11 eða 12, þá er talan 9 skrifuð fyrir F, en aftan við skeytið er bætt: stormur 10, stormur 11 eða stormur 12. Ef vindurinn er svo byljóttur, að veðurhæðin hefir breyttst iðulega um 4 stig eða meira á síðustu klukkustund, t. d. frá 4 þegar lygnast er upp í 8 þegar sem hvassast er, eða frá 7 upp í 11 o.s.frv., þá á F að gefa meðalveðurhæð á athugunartíma, en 33 er bætt við þá tölu, sem sýnir vindáttina.

W Aðaleinkenni veðursins síðan næsta skeyti á undan var sent.

- |   |  |   |                |
|---|--|---|----------------|
| 0 | Þýðir léttskýjað (heiðríkt eða lítið skýjað).  | } | Furt<br>veður. |
| 1 | " breytileg skýjahula (ýmist skýjað eða léttskýjað).                                       |   |                |
| 2 | " þykkt loft (alskýjað eða því sem næst).  |   |                |
| 3 | " moldrok (sandfok) eða skafhríð.<br>(skyggni minna en 1000 m.).                           |   |                |
| 4 | " þoka eða dimmt mistur (rykmistur).<br>(skyggni minna en 1000 m.).                        | } | úr-<br>koma.   |
| 5 | " úði eða súld.  |   |                |
| 6 | " rigning.   |   |                |
| 7 | " Snjókoma eða bleytuhríð (slydda).  |   |                |
| 8 | " skúrir eða él (ef hagl eða íshagl hefir verið, má bæta orðinu "hagl" aftan við skeytið). |   |                |
| 9 | " þrumuveður (ef hagl eða íshagl hefir fylgt, má bæta orðinu "hagl" aftan við skeytið).    |   |                |

Hafi skift um veður á því tímabili, er réttast að tilgreina veðrið, sem var, áður en það veður byrjaði, sem stendur yfir, þegar athugun fer fram. Ef tvær tölur geta komið til greina, er annars rétt að velja þá hærri.

N Þýðir hve mikið af himni alls er byrgt skýjum, eftir sömu reglu og  $N_h$ . T.d. getur loft verið alskýja ( $N=8$ ), en lágský náð aðeins yfir 5/10 hluta af himninum ( $N_h=4$ ).

IV. orð.

PPP Loftvogin.

Loftvogið skal lesin og leiðrétt eftir töflu eins og að undanfögnu og símuð í heilum og tífundhlutum úr millímetra unz öðruvísi verður ákveðið.

Aths. Í flestum löndum er nú hætt að telja loftvog í millímetrum í veðurskeytum. Í stað þess er notuð ný eining, sem nefnist millíbar eins og sézt á töflunni yfir breytingar á síritandi loftvog. Hlutfallið milli mm og mb sézt nokkuð af þessum samanburði:

720 mm.	svara til	960 mb.
750 "	" "	1000 "
780 "	" "	1040 "

Fyrst um sinn munu flestar stöðvar hér á landi halda áfram að nota loftvogir með millímetrum, en á síritandi loftvogum munu verða notuð blöð með millíbar.

Stöðvar, sem hafa loftvogir með millíbar (eða síma PPP eftir síritandi loftvog með millíbarblöðum), lesa loftvogina í heilum og tífundhlutum og leiðréttu eftir töflu. Í skeytinu er svo loftvogin tilgreind í heilum og tífundhlutum, en 9 eða 10 sleppt framan af (í staðinn fyrir 7 þegar mm eru notaðir).

Dæmi:

Loftvogin leiðrétt	953.7 mb	skrifað í skeytið	537
"	999.9 "	" "	999
"	1000.0 "	" "	000
"	1010.1 "	" "	101
"	1039.9 "	" "	399

TT Lofthitinn í heilum stigum.

Í skeytunum er lofthitinn tilgreindur í heilum Celsíus-stigum. Tæplega hálfu stigi (0.1 - 0.4) er þá sleppt, en rúmlega hálfst stig (0.5 - 0.9) reiknað sem heilt stig eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Þegar frost er skal leggja 50 við stigatöluna.

Mælirinn sýnir	Símað	Mælirinn sýnir	Símað
0.0 stig	00	-0.1 stig	50
0.2 "	00	-0.2 "	50
0.4 "	00	-0.4 "	50
0.5 "	01	-0.5 "	51
0.7 "	01	-0.7 "	51
5.3 "	05	-5.3 "	55
5.8 "	06	-5.8 "	56
9.9 "	10	-9.9 "	60
13.4 "	13	-13.4 "	63
13.5 "	14	-13.5 "	64
19.9 "	20	-19.9 "	70
20.4 "	20	-20.4 "	70

V. orð.

U Rakastig loftans í % (hundraðshlutum).

1 tákna	0-19%	6 tákna	60- 69%
2 "	20-29%	7 "	70- 79%
3 "	30-39%	8 "	80- 89%
4 "	40-49%	9 "	90- 94%
5 "	50-59%	0 "	95-100%

Rakinn er mældur annaðhvort með sérstökum rakamæli eða reiknaður út af mismun á þurrum og "votum" hitamælum eftir sérstakri leiðbeiningu og töflu, sem Veðurstofan lætur í té.

C<sub>H</sub> Háský (klósigar og blikur).

Engin ský sýnileg, sem líkjast bliku eða klósiga ..... 0

Bliku-  
trefjar  
(fjæðurský) Mjóar og strjálur blikutrefjar, sem ekki aukast (skýjamynd H 1) ..... 1

Algeng í  
góðviðri. Mjóar og drifhvítar blikurákir víða um loftið en mynda þó ekki samfellda hulu og virðast ekki aukast (skýjamynd H 2) ..... 2

Þéttir blikubrúskar, sem oft eru myndaðir úr földum og kollum á skúraflókum eða steðjaskýjum. Algeng í skúra- eða brumuveðri (skýjamyndir H 3a eða H 3b) ..... 3

Klósigar  
eða  
blikur, Mjóar blikutrefjar, sem slær upp á loftið og aukast. Oft með krök eða brúsk í endann (vatnasklær) (skýjamynd H 4) ..... 4

sem hækka  
á lofti. Vaxandi klósiga-eða blikubakki, sem slær upp á loftið, en hefir ekki ennþá náð miðja vegu milli hafs og hálofts (45° yfir hafflöt) (skýjam. H 5a), stundum í aðgreindum böndum (klósigi) (H 5b) .... 5

Vaxandi klósiga-eða blikuhula, sem nálgast háloftið (yfir 45°) (skýjamynd H 6) ..... 6

Blikuhula um allt loftið (skýjamynd H 7) ..... 7

Blikubakki, sem hylur allt loftið og helst óbreyttur eða fer jafnvel minnkandi (vindblika) (skýjamynd H 8) ..... 8

"Blikuhnoðrar" (dröfnu-eða netjuský) og blikutrefjar (mynd H 9) (Blikuhnoðrar geta sést jafnhliða öllum tegundum háskýja, sem taldar eru hér að ofan) ..... 9

Ef ekki er hægt að sjá, hvort nokkur háský eru á lofti ..... X

Ef háský sjást gegnum þoku, skulu þau tilgreind eins og þegar þokulaust er.

a Hvernig síritandi loftvog hefir breyzt síðustu þrjár klst.

		Fyrst stígandi en nú fallandi ..... 0
Síritandi loftvog er nú hærri heldur en fyrir 3 klst. síðan. eða jafnhá.		Fyrst stígandi en nú óbreytt, eða fyrst ört stígandi og síðan hægara ..... 1
		Óstöðug, en stígandi eða óbreytt ..... 2
		Óbreytt eða jafnt stígandi ..... 3
		Fyrst fallandi eða óbreytt, en síðan stígandi (eða fyrst hægt stígandi og síðan örara) ..... 4
Síritandi loftvog er nú lægri heldur en fyrir 3 klst. síðan.		Fyrst fallandi en nú byrjuð að stíga .... 5
		Fyrst fallandi en nú óbreytt (eða fyrst ört fallandi og síðan hægara) ..... 6
		Óstöðug en yfirleitt fallandi ..... 7
		Jafnt fallandi ..... 8
		Fyrst stígandi eða óbreytt, en síðan fallandi (eða fyrst hægt fallandi og síðan örara) ..... 9

pp Hve mikið loftvog hefir stigið eða fallið síðustu 3 klst., tilgreint í fimmtungum úr millíbar eða millímetra samkv. töflunni.

Breytingin er lesin á síritandi loftvog í heilum og tíundu hlutum úr millíbar eða millímetra og síðan margfaldað með 5 til þess að finna þá tölu, sem á að setja í skeytið fyrir pp. Ef loftvogin hefir t.d. hækkað eða lækkað 2.2 verður  $pp = 2.2 \times 5 = 11$ . Ef breytingin er 7.0 verður pp 35 o.s.frv. sem sést af töflunni, sem hér fer á eftir.

Ef breytingin er yfir 20 mb eða mm á síðustu 3 klst., sem sjaldan kemur fyrir, verður að setja 99 í skeytið en bæta við skeytið í orðum, hve mikil hún er í raun og veru, t.d. "breytingin tuttugu og tveir".

Tafla yfir breytingu á loftvog í veðurskeytum.

Breytingin bb	Breytingin bb	Breytingin bb	Breytingin bb
0.0 00	4.9 -5.0 25	9.9 -10.0 50	14.9 -15.0 75
0.1-0.2 01	5.1 -5.2 26	10.1 -10.2 51	15.1 -15.2 76
0.3-0.4 02	5.3 -5.4 27	10.3 -10.4 52	15.3 -15.4 77
0.5-0.6 03	5.5 -5.6 28	10.5 -10.6 53	15.5 -15.6 78
0.7-0.8 04	5.7 -5.8 29	10.7 -10.8 54	15.7 -15.8 79
0.9-1.0 05	5.9 -6.0 30	10.9 -11.0 55	15.9 -16.0 80
1.1-1.2 06	6.1 -6.2 31	11.1 -11.2 56	16.1 -16.2 81
1.3-1.4 07	6.3 -6.4 32	11.3 -11.4 57	16.3 -16.4 82
1.5-1.6 08	6.5 -6.6 33	11.5 -11.6 58	16.5 -16.6 83
1.7-1.8 09	6.7 -6.8 34	11.7 -11.8 59	16.7 -16.8 84
1.9-2.0 10	6.9 -7.0 35	11.9 -12.0 60	16.9 -17.0 85
2.1-2.2 11	7.1 -7.2 36	12.1 -12.2 61	17.1 -17.2 86
2.3-2.4 12	7.3 -7.4 37	12.3 -12.4 62	17.3 -17.4 87
2.5-2.6 13	7.5 -7.6 38	12.5 -12.6 63	17.5 -17.6 88
2.7-2.8 14	7.7 -7.8 39	12.7 -12.8 64	17.7 -17.8 89
2.9-3.0 15	7.9 -8.0 40	12.9 -13.0 65	17.9 -18.0 90
3.1-3.2 16	8.1 -8.2 41	13.1 -13.2 66	18.1 -18.2 91
3.3-3.4 17	8.3 -8.4 42	13.3 -13.4 67	18.3 -18.4 92
3.5-3.6 18	8.5 -8.6 43	13.5 -13.6 68	18.5 -18.6 93
3.7-3.8 19	8.7 -8.8 44	13.7 -13.8 69	18.7 -18.8 94
3.9-4.0 20	8.9 -9.0 45	13.9 -14.0 70	18.9 -19.0 95
4.1-4.0 21	9.1 -9.2 46	14.1 -14.2 71	19.1 -19.2 96
4.3-4.4 22	9.3 -9.4 47	14.3 -14.4 72	19.3 -19.4 97
4.5-4.6 23	9.5 -9.6 48	14.5 -14.6 73	19.5 -19.6 98
4.7-4.8 24	9.7 -9.8 49	14.7 -14.8 74	19.7 -19.8 99

RR Úrkoman í millímetrum.

VI. orð.

Úrkoman er mæld í heilum og tíundu hlutum úr millímetra og færð þannig annaðhvort í mánaðarskýrslu eða í sérstakann dálk í skeyta-bókinni. Í skeytið er úrkoman færð í heilum mm í dálkinn RR eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Mæld úrkoma	RR	Mæld úrkoma	RR
Pegar alls engin úrkoma hefir verið .....	00	3.5- 4.4 mm	04
Pegar úrkoma hefir verið en ekki mæld .....	99	4.5- 5.4 " .....	05
Pegar lítilsháttar úrkoma hefir verið, en ekki mælanleg .....	97	og þannig áfram	
		8.5- 9.4 " .....	09
		9.5-10.4 " .....	10
		10.5-11.4 " .....	11
		.....	
		18.5-19.4 " .....	19
		19.5-20.4 " .....	20
		.....	
		88.5-89.4 " .....	89
		89.5-90.4 " .....	90

Ef mæld úrkoma er meira en 90.4 skrifast 98 í skeytið, en síðan skal bæta því aftan við, hve margir millímetrar úrkoman hafi verið t. d. "úrkoma 122 millímetrar".

S er sjávaralda og sjólag.

0	táknar ládautt.	5	táknar krappur sjór.
1	" gráð.	6	" stórsjór.
2	" dálítil alda.	7	" brotsjór.
3	" töluverð alda.	8	" hafrót.
4	" úfinn sjór.	9	" ósjór (kross-sjóa).

Hafrót er mesti sjór sem þekkest, og ósjór er haft til að tákna mikinn sjó og óreglulegan, sem myndast af því að öldum slær saman úr tveim eða fleiri áttum. Ölduna má athuga á skipalægi, siglingaleið eða hafinu úti fyrir eftir staðháttum. Ekki er tekið tillit til brimgarða í lendingu.

V<sub>s</sub> Skyggni í áttina til hafsins á sama hátt og V.

(sjá leiðbeininguna á bls. 12).

TnTn Lágmarkshiti í heilum stigum.

Lágmarkshiti er mældur kl. 8 eða kl. 6 að morgni jafnhliða lofthitanum. Fyrst er endinn á vökvanum (sprittinu) lesinn í heilum og tíundu hlutum úr stigi og því næst nálin á sama hátt. Hvorttveggja er skrifað í skeytabókina í dálkana "Lágmarksm. kl. 8". Að lokinni athugun er nálin færð.

Við síðdegisathugun kl. 17 er nálin einnig færð, en lágmarkshitann þá þarf eigi að skrifa að þessu sinni, nema hann sje óvenjulega lágur, og útlit fyrir að eigi verði jafn kalt um nóttina eftir, þá er lágmarkshitinn kl. 17 skrifaður í aths.- dálkinn á hægri hönd.

Í morgunskeytið er lágmarkshitinn svo færður í heilum stigum eftir sömu reglum og lofthitinn (TT).

Lágmarksmælum hættir mjög til að breyta sjer og sýna þá rangan lágmarkshita. Einkum hættir sprittinu til að gufa upp og mynda dropa efst í pípunni. Er nauðsynlegt að athugunarmaðurinn hafi gát á þessu og slái dropann niður jafnskjótt og hann myndast (sjá annars sérstakar leiðbeiningar um meðferð lágmarksmæla).

TxTx Hámarkshiti í heilum stigum.

Hámarkshiti er mældur kl. 5 að kvöldi, jafnhliða lofthitanum, í heilum og tíundu hlutum úr stigi. Að lokinni athugun er mælirinn tekinn og "sleginn niður" og síðan lesinn aftur á sama hátt. Hvorttveggja er skrifað á mánaðarskýrsluna (eða í dálk í skeytabókinni) í heilum og tíundu hlutum (sjá enn fremur leiðbeiningar um hámarksmæli).

Hámarksmælirinn er sleginn niður eftir athugun kl. 17. Og áriðandi er að slá hann aftur niður við fyrstu morgunathugun kl. 6 eða kl. 8, daginn eftir. Hámarkshitann, sem hann sýnir þá, þarf ekki að skrifa, nema hann sé óvenjulega hár, og ekki búist við jafn háum hita um daginn.

Í kvöldskeytið er hámarkshitinn svo færður í heilum stigum eftir sömu reglum og lofthitinn (TT).

E Jarð-og snjó-lag.

Jörðin er alauð og þíð.	Purrt í rót .....	0
	Vott (rakt) í rót .....	1
	Vatnselgur, flóð eða mikill vatnsagi .....	2
Flekkótt jörð eða svelluð.	Jörð alauð en frosin og þur .....	3
	Jörð flekkótt .....	4
	Áfreði, svellstorka eða glerungur .....	5
	Snjórinn að bráðna (krapaelgur) .....	6
Alhvítt af snjó.	Snjódýpt minri en 15 cm, jörð þíð undir ....	7
	" " " " ", " frosin undir..	8
	Snjódýpt meiri en 15 cm.....	9

Jörð er talin alhvít, þótt nokkrir hnjótar og smárindar séu upp úr, ef annars er töluverður eða mikill snjór. Snjöhulan er athuguð á landi, sem er í svipaðri hæð og athugunarstaðurinn, en ekki tekið til greina, þótt meiri eða minni snjór sé á stöðum, sem liggja um 100 m. hærra eða lægra.

Áfreði kemur oft eftir skammvinnar vetrarhlákur (spilliblota), en glerungur myndast þegar regn eða úði fellur á freðna jörð eða í frosti.

Þótt jörð sé héluð, er hún talin alauð.

## Rakatafla.

Raki %	100-95	94-90	89-80	79-70	69-60	59-50	49-40	39-30	29-20	19-10
Símað	0	2	8	7	6	5	4	3	2	1
Pur mæli	Hismunur á þurrum og "votum" hitamæli.									
Hiti										
+ 25	0.0-	0.7-	1.3-	2.6-	3.2-	5.3-	6.7-	8.2-	9.9-	11.5-
24	0.0-	0.7-	1.3-	2.5-	3.8-	5.1-	6.5-	8.0-	9.6-	11.2-
23	0.0-	0.7-	1.2-	2.4-	3.7-	5.0-	6.3-	7.8-	9.4-	10.8-
22	0.0-	0.7-	1.2-	2.3-	3.6-	4.9-	6.2-	7.6-	9.1-	10.5-
21	0.0-	0.6-	1.2-	2.2-	3.5-	4.7-	5.9-	7.3-	8.8-	10.1-
20	0.0-	0.6-	1.1-	2.2-	3.4-	4.5-	5.7-	7.1-	8.5-	9.8-
19	0.0-	0.6-	1.1-	2.1-	3.3-	4.4-	5.6-	6.9-	8.2-	9.5-
18	0.0-	0.6-	1.1-	2.1-	3.2-	4.2-	5.4-	6.7-	8.0-	9.1-
17	0.0-	0.6-	1.1-	2.0-	3.1-	4.1-	5.3-	6.5-	7.7-	8.8-
16	0.0-	0.6-	1.0-	2.0-	3.0-	4.0-	5.1-	6.2-	7.4-	8.5-
15	0.0-	0.6-	1.0-	1.9-	2.9-	3.9-	4.9-	6.0-	7.2-	8.2-
14	0.0-	0.6-	1.0-	1.8-	2.8-	3.8-	4.8-	5.8-	6.9-	7.8-
13	0.0-	0.6-	1.0-	1.8-	2.7-	3.7-	4.6-	5.6-	6.6-	7.5-
12	0.0-	0.6-	0.9-	1.7-	2.6-	3.5-	4.4-	5.4-	6.4-	7.3-
11	0.0-	0.5-	0.9-	1.7-	2.5-	3.4-	4.3-	5.2-	6.1-	7.0-
10	0.0-	0.5-	0.9-	1.6-	2.4-	3.3-	4.2-	5.0-	5.9-	6.8-
9	0.0-	0.5-	0.9-	1.6-	2.3-	3.1-	4.0-	4.8-	5.7-	6.5-
8	0.0-	0.5-	0.8-	1.5-	2.2-	3.0-	3.8-	4.6-	5.4-	6.2-
7	0.0-	0.5-	0.8-	1.5-	2.1-	2.9-	3.7-	4.4-	5.2-	6.0-
6	0.0-	0.5-	0.8-	1.4-	2.1-	2.8-	3.5-	4.2-	5.0-	5.7-
5	0.0-	0.4-	0.7-	1.4-	2.0-	2.7-	3.4-	4.1-	4.8-	5.5-
4	0.0-	0.4-	0.7-	1.3-	1.9-	2.6-	3.2-	3.9-	4.6-	5.3-
3	0.0-	0.4-	0.7-	1.2-	1.8-	2.4-	3.3-	3.9-	4.5-	5.1-
2	0.0-	0.4-	0.6-	1.2-	1.7-	2.5-	3.1-	3.7-	4.3-	4.9-
1	0.0-	0.3-	0.6-	1.2-	1.8-	2.3-	2.9-	3.5-	4.1-	4.7-
0	0.0-	0.3-	0.6- <sup>0</sup>	1.1- <sup>16</sup>	1.7- <sup>21</sup>	2.2- <sup>26</sup>	2.7-	3.3-	3.8-	4.4-
- 1	0.0-	0.3-	0.5-	1.0-	1.6-	2.0-	2.6-	3.1-	3.6-	4.1-
- 2	0.0-	0.3-	0.5-	0.9-	1.5-	1.9-	2.4-	2.9-	3.4-	3.9-
- 3	0.0-	0.2-	0.4-	0.9-	1.4-	1.8-	2.2-	2.7-	3.2-	3.7-
- 4	0.0-	0.2-	0.4-	0.8-	1.3-	1.7-	2.1-	2.5-	2.9-	3.4-
- 5		0.1-	0.3-	0.8-	1.2-	1.6-	1.9-	2.3-	2.7-	3.2-
- 6		0.1-	0.3-	0.7-	1.1-	1.5-	1.8-	2.2-	2.6-	3.0-
- 7		0.0-	0.2-	0.6-	1.0-	1.3-	1.7-	2.0-	2.4-	2.8-
- 8		0.0-	0.2-	0.5-	0.9-	1.2-	1.6-	1.9-	2.3-	2.7-
- 9		0.0-	0.2-	0.5-	0.8-	1.1-	1.5-	1.8-	2.2-	2.5-
-10		0.0-	0.1-	0.4-	0.8-	1.1-	1.4-	1.7-	2.0-	2.4-
-11		0.1-	0.1-	0.4-	0.7-	1.0-	1.3-	1.6-	1.9-	2.2-
-12		0.1-	0.0-	0.3-	0.6-	0.9-	1.2-	1.5-	1.8-	2.0-
-13		0.1-	0.0-	0.3-	0.6-	0.9-	1.1-	1.3-	1.6-	1.8-
-14		0.1-	0.0-	0.3-	0.5-	0.8-	1.0-	1.2-	1.5-	1.7-
-15		0.2-	0.0-	0.2-	0.4-	0.7-	0.9-	1.1-	1.3-	1.6-

Rakataflan á blaði 23 er þannig notuð við samningu veðurskeyta, að fundinn er mismunur milli þess hita sem þur og votur hitamælir sýnir, og verður þá að lesa í báða þessa mæla svo nákvæmlega að ekki muni tíunda hluta úr gráðu. Því næst er leituð uppi í fremsta dálki rakatöflunnar sú tala, sem svarar bezt til lofthitans á þurra hitamælinum í heilum gráðum, og aftur eftir þeirri (lárjettu) línu er farið í þann dálk, sem hefir sömu tölu, og mismunur hitamælanna reyndist, eða lítið eitt lægri tölu, og á þá að síma sem rakastaf töluna, sem stendur yfir þessum dálki í næst efstu línu. Einkennið fyrir því, að maður sje í rjettum dálki, er að hefði maður farið í næsta dálk á eftir, þá er tala hans (talin með 1 tugastaf) hærri en hitamunurinn milli mælanna.

## 1. Dæmi:

Þur hitamælir sýnir  $12.4^{\circ}$  votur hitamælir  $10.8^{\circ}$ , mismunur  $1.6^{\circ}$ . Aftur undan  $12^{\circ}$  (hita) í fremsta dálki er 0.9 í 4. dálki en 1.7 í 5. dálki, síðari talan er of há og þess vegna er valin talan 8 sem stendur í næst efstu línu yfir 4. dálki.

Talan 8 er því símuð sem rakastafur.

## 2. Dæmi:

Þur mælir  $-8.8^{\circ}$   
votur "  $-9.7^{\circ}$   
mismunur  $0.9^{\circ}$

Lofthiti telst  $-9^{\circ}$  þegar aðeins er reiknað með heilum gráðum. Til  $-9^{\circ}$  lofthita (í fremsta dálki) og mismunar  $0.9^{\circ}$  milli þurra og vota mælisins svarar rakastafurinn 6 í sjötta dálki.

